Hann var fluttur á alþýðu sjúkrahúsið, og þar dó hann skömmu síðar."

VI.

Pálína kendi í skólanum eins og áður í eitt missiri eftir lát foreldra sinna.

Búinu var slitið. Það kom í ljós, að hún var einkaerfingi að 80,000 krónum.

Það fyrsta, er henni varð að orði, þegar henni voru tilkynt úrslitin, var:

— Hvað á eg, vesalingurinn, með alla þessa peninga að gjöra?

Hún var á ferli eitt ár eftir þetta. Þá lagðist hún í uppdráttarsýki, og dó án þess að semja nokkra arfleiðsluskrá.

Aleiga Péturs Jakobs Péturssonar, sem hann hafði safnað með óþrjótandi elju og gróðabralli, leynilegu og leyfilegu okri og smámunasemi, skiftist í smáparta í milli 20 eða 30 útarfa á Jótlandi og eyjunum.

Að eins fékk kirkjan, sem Pálína var skírð í, það sem faðir hennar ánafnaði henni á skírnarlegi dóttur sinnar.

*Þýðingin eftir Viðar.*

---

## Vísa

Snúið úr ensku.

Hve smátt af því sem fær
oss glatt og grætt
fær gylfavaldið skaðað
eða bætt.
Í sjálfs vors vald er sett
að vera menn:
vér sjálfir vora gæfu smíðum enn.

*Þ. Þ.*

**HEIMIR**

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.
RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.

ENTERED AT THE POST OFFICE OF WINNIPEG AS SECOND CLASS MATTER.